

7. gr.

Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðherra á stofnskrá þessari, er síðar verði birt í Stjórnartíðindum.

1. nóvember 1979.

Nr. 445.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 186/1976 um meinatækna.**

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Ráðherra getur veitt öðrum en þeim, sem 2. grein tekur til, löggildingu, enda sanni viðkomandi að hann hafi menntun, sem sé sambærileg við próf úr viðurkenndum meinatæknaskóla skv. 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 64/1971 um tækni-menntaðar heilbrigðisstéttir, öðlast gildi nú þegar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 1. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

1. nóvember 1979.

Nr. 446.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 101/1977 um breytingu á reglugerð nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.**

1. gr.

4. gr. 3. mgr. reglug. nr. 101/1977, sbr. 9. gr. 6. tl. reglugerðar nr. 250/1976 orðist svo:

9.6. Séu kjöt og kjötvörur, fiskur og fiskmeti eða aðrar viðkvæmar neysluvörur, t. d. álegg, seldar í luktum umbúðum (þar á meðal lagmeti) eða hraðfrystar, skal á þökkunarstað skráð dagsetning á umbúðir og síðasti leyfilegur söludagur þannig: „Pakkað“ „Síðasti söludagur“.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og með stoð í lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og með stoð í lögum nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi 1. janúar 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.